

**FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS
AKRANESI (FVA)
UTANHÚSSVIÐGERÐIR
SKILABLAÐ**

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE)

Útgefið í febrúar 2025

Ábyrgðarmaður: Ólafur Daníelsson, framkvæmdastjóri framkvæmda

1 UPPHAF VERKSINS

Verkbeiðni barst frá Helga Vigni Bragasynti þann 25. maí 2020, fyrir hönd Ríkiseigna, um aðkomu FSRE að útboðsferli í utanhús sviðgerðum á Fjölbautarskóla Vesturlands. Verkefnastjóri fyrir hönd FSRE var Gústaf A. Hermannsson og til aðstoðar var Jóhann Gunnar Gunnarsson.

2 VERKLÝSING

Verkið fólst í umsjón með útboði s.s. gerð og birting auglýsinga, svörun fyrirspurna, opnun og yfirferð tilboða, þ.m.t. yfirreikningur tilboðsfjárhæða, mat á fjárhagsstöðu bjóðenda og mat á reynslu þeirra og getu. Að yfirferð lokinni verði gerð tillaga til Ríkiseigna um töku tilboðs. Ríkiseignir sáu um þau gögn sem þurfti til útboðsins, báru ábyrgð á gerð og yfirlestri útboðs og verklýsinga. FSRE var ekki með verkið í rekstri, eingöngu umsjá útboðs.

3 VERKNÚMÉR

Þann 9. júní 2020 var send beiðni um verknúmer. Verkið fékk númerið 633 0223.

4 FRAMVINDA

Útboðið var auglýst í gegnum ferli Ríkiskaupa með útboðsnúmerinu 21228. Opnun útboðs fór fram þann 29. júní 2020. Fjögur tilboð bárust. Yfirferð á innsendum tilboðum var unnin samkvæmt verkferlum

FSRE þar sem gögn voru rýnd og hæfi bjóðenda metið. Að lokum var send tillaga að töku tilboðs til Ríkiseigna sem var samþykkt þann 6. ágúst 2020. Í kjölfarið var send tilkynning til bjóðenda um töku tilboðs, þann 20. ágúst 2020. Verkkaupi ákvað að taka tilboði GS import ehf. sem var 86% af kostnaðaráætlun og hljóðaði uppá 62,5 milljónir. Kæra barst frá lægstbjóðanda, Sérfagi ehf. Tilboðsgögn frá kæranda höfðu ekki uppfyllt kröfur útboðsins og var því hafnað. Samkvæmt verkbeiðninni var verkþætti FSRE lokið í þessu verkefni.

5 KOSTNAÐUR VERKSINS

Vinna FSRE var unnin í tímavinnu og reikningar sendir mánaðarlega til Ríkiseigna. Heildarkostnaður FSRE var kr. 1.023.250,-

6 NIÐURSTAÐA VERKEFNIS

Aðkomu FSRE að verkefninu lauk sbr. umfjöllun í kafla 4.

7 ÁKVÖRÐUN VERKKAUPA

Verkkaupi fór eftir niðurstöðu FSRE um tillögu að töku tilboðs og vann út frá því.

8 VERKLOK

Verklok voru fljótlega eftir að niðurstaða útboðs var send út þar sem hlutverki FSRE var lokið. Eftir þetta voru aðeins samskipti

við verkkaupa er varða gögnin enda starfsmenn FSRE orðnir kunnugir gögnum og miðluðu þeirri þekkingu til verkkaupa.

9 STAÐFESTING SKILABLAÐS

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd FSRE.

Ólafur Daníelsson,
framkvæmdastjóri framkvæmda